

Reglugjörð

72

9. ágúst

um breyting á reglugjörð 16. júní 1915 um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Aftan við aðra málsgrein 6. greinar bætist:

»eða sje lagður á með fjallskilakostnaði þar sem refaveiðakostnaður er þannig greiddur«

2. gr.

Aftan við 18. grein reglugjörðarinnar bætist:

»Þó skal hreppsnefndum heimilt að jafna niður refaveiðakostnaði, ásamt fjallskilakostnaði, hafi hreppsþúar samþykkt þá aðferð áður á almennum hreppsfundi.«

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndir Þingeyjarsýslna hafa samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjér með til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Ejetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

73

9. ágúst

fyrir Borgarfjarðarsýslu um eyðing refa.

1. gr.

A sameiginlegum fjallskilafundi hvers leitarsvæðis, skulu viðkomandi hreppsnefndir kjósa einn mann til þess, að hafa yfirumsjón refaeyðingamála á leitarsvæðinu og kallast hann refaeyðingastjóri.

73

9. ágúst

Hver búandi maður er árlega skyldur að leita grenja í heimalandi ábylissjarðar sinnar (sbr. 3. gr. fjallskrgl.). A afrjettum og fjalllöndum skal leita grenja einu sinni eða tvisvar á vori hverju og kveður refaeyðingastjóri menn til þess, og skal skotmaður ávalt vera með í förinni. Finnist gren, sem refir eru við, í grenjaleit, skal skotmaður strax leggjast á grenið, en sá, eða þeir, er skotmaður kveður til þess, útvegar honum þá aðstoð og hjálp, er hann þarf. Finnist gren utan grenjaleitar, skal finnandi strax gera refaeyðingastjóra aðvart, og gerir hann þá þegar nauðsynlegar ráðstafanir.

3. gr.

Með skotmanni skal ætíð vera vökumaður á grenjum og skal hann, ef mögulegt er, líka vera skytta. Skulu þeir liggja 3 sólarhringa á greninu, ef ekki eru áður unnin þau fullorðnu dýr, sem þar eiga heima og yrðlingum náð. Vinnist gren ekki að fullu, skal skotmaður sjá um, að eitrad agn sje skilið eftir í greninu, og má hann þá ekki frá hverfa fyr en sólarhring eftir að eitrad var, ef yrðlingar eru í greninu. Gren má ekki rjúfa nje bræla.

4. gr.

Skotmanni og vökumanni skal greiða hæfileg daglaun, sem mega þó ekki vera minni en 10 kr. fyrir skotmann og 8 kr. fyrir vökumann, og reiknast kaupid frá því er þeir fóru að helman og þar til er þeir koma heim aftur.

Auk daglauna fær skotmaður 15 kr. fyrir hvert fullorðið dýr, enda sanni hann fyrir refaeyðingastjóra að hann hafi unnið dýrið. Auk þess fær hann 8 kr. fyrir hvern yrðling, er hann nær og lógar.

Drepa skal alla yrðlinga jafnóðum og þeir nást, nema þá er nota þarf við grenjavinslu vorlangt. Þó skal öllum yrðlingum, sem nást við gren, vera lógað fyrir 15. júlí.

5. gr.

Refaeyðingastjóri skal halda bók yfir eyðing refa og gera skýrslur um það, eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands setur. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitarsvæðinu með stuttri en glöggri lýsingu, svo finna megi grenið af henni. (Best væri að kort herforingjaráðsins fylgji og væru grenin merkt á það.)

6. gr.

Eitra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma, og skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af fyrir menn og búfje. Refaeyðingastjóri skal brýna það fyrir þeim, er hann felur að eitra, að sjeu rjúpur eitradar, þá sje skylt að auðkenna eitruðu rjúpunar með því að stýfa af þeim hálfan hægri væng. Til eitrunar skal nota strychnin eða annað eitur ekki ósterkara, og skal refaeyðingastjóri jafnan sjá um, að nægar birgðir af því sjeu fyrir hendi. En gæta skal hann þess, að eitrið komist í einskis manns höndur, nema þess, er hann felur að eitra,

7. gr.

73

Allan kostnað við eyðing refa skal greiða úr fjallskilasjóði þess leitarsvæðis, sem landið liggur í. Þar sem hreppar eiga afrjett utan sýslu, skal refaeyðingakostnaður greiðast af fjallskilasjóði viðkomandi hreppa. 9. ágúst

8. gr.

Þeim skotmanni, er sama vor vinnur 6 fullorðin dýr, greiðir sýslunefnd 100 kr. sem verðlaun fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar, með vottorði refaeyðingastjóra, að hann hafi unnið dýrin.

9. gr.

Bannað er að ala upp refi innan sýslunnar.

10. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—500 kr., er renna í fjallskilasjóð.

11. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.